



Umboðsmaður barna
Sent með rafrænum hætti

Dagsetning 9. júlí 2024
Málsnúmer HRN24030139

Bið barna eftir heilbrigðisþjónustu

Ráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns barna þann 11. mars sl. Í bréfinu kemur fram að umboðsmaður barna hefur staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu. Í bréfinu segir eftirfarandi:

Í byrjun árs 2024 biðu 1567 börn eftir þjónustu hjá Geðheilsumiðstöð barna, þar af beið 1261 barn eftir greiningu vegna gruns um ADHD og/eða einhverfu og var meðalbiðtími frá 18 upp í 30 mánuði. Þeim börnum sem bíða eftir greiningu hjá Geðheilsumiðstöð barna hefur fjölgað töluvert frá því umboðsmaður barna kallaði fyrst eftir upplýsingum um bið barna eftir þjónustu í desember 2021 en þá biðu 738 börn.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins biðu 282 börn eftir því að komast að hjá sálfræðingi, meðalbiðtími var 106 dagar og 150 börn höfðu beðið lengur en 3 mánuði.

Í lok janúar sl. biðu 797 börn eftir þjónustu hjá Heyrnar- og talmeinstöð. Þessi börn bíða nær öll eftir heyrnarmælingu og sum einnig eftir annarri þjónustu heyrnarfræðinga eða lækna. Meðalbiðtími fyrir börn undir fjögura ára aldri var 7,1 mánuður og 7,8 mánuður fyrir eldri börn.

Hjá Heilsuskólanum biðu 120 börn í byrjun febrúar sl. og meðalbiðtími var 14,7 mánuðir. Þá höfðu 89 börn beðið lengur en 3 mánuði.

Umboðsmaður barna óskar eftir afstöðu heilbrigðisráðherra til þess hvort tilgreindur biðtími barna samræmist þeim almennu viðmiðum sem embætti landlæknis hefur sett um bið eftir heilbrigðisþjónustu. Þá óskar umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðherra hafi í hyggju að bregðast við þessari alvarlegu stöðu.


Geðheilsumiðstöð barna

Geðheilsumiðstöð barna (GMB) tók formlega til starfa 1. apríl 2022 með það að markmiði að styrkja geðheilbrigðisþjónustu barna til þess að geta mætt betur þörfum barna og fjölskyldna þeirra á landsvísu. Miðstöðin veitir börnum og fjölskyldum 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu og sameinar í eitt þjónustu fyrrum Þroska- og hegðunarstöðvar, Geðheilsuteymis fjölskylduverndar og meðferðarteymis fyrir börn og unglinga. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. GMB er eina opinbera stofnunin sem gerir mat vegna gruns um ADHD og einhverfu og staðfestir ADHD greiningar hjá börnum með eðlilegan vitsmunaproska. Ráðgjafar og greiningarstöð veitir þjónustu til barna með viðtækar þroskaskerðingar, óvenju flóknar eða sjaldgæfar fatlanir í langtímaeftirfylgd. Barna- og unglingageðdeild Landspítala veitir börnum með alvarlegan geðrænan vanda geðheilbrigðisþjónustu og getur ADHD og/eða einhverfa greinst við nánari athugun þar.

Fyrir 2022 sinnti Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins mati og greiningu á taugaproskaröskun barna og voru 701 tilvísun á biðlista þar þegar sú þjónusta sameinaðist annarri þjónustu innan GMB og tók þ.a.l. við þeim biðlista. Frá árinu 2021 til 2022 fjölgaði tilvísunum úr 701 í 1166, að meðaltali um 97 tilvísanir á mánuði og að meðaltali 135 tilvísanir á mánuði 2023

(sjá mynd 1). Fjölgun tilvísana síðustu ár er sambærileg og hjá Ráðgjafar og greiningarstöð. Samkvæmt upplýsingum frá GMB er mikill fjöldi af tilvísunum að koma frá skólum fyrir börn eldri en sex ára.

Tilvísanir í Fjölskylduteymi 0-5 eru ekki með í þessum tölum



Mynd 1.

Á GMB starfa fjögur teymi:


- Fjölskylduteymi 0-5 ára barna, sem sinnir foreldrum frá meðgöngu, fæðingu og börnum til 5 ára aldurs.
- Ráðgjafar- og meðferðarteymi, sinnir 5-18 ára börnum og fjölskyldum þeirra með miðlungs/alvarlegan geðrænan vanda.
- Greiningarteymi yngri barna sinnir greiningu á taugaproskaröskunum og geðrænum vanda hjá börnum 5-12 ára og
- Greiningarteymi eldri barna sinnir greiningu á taugaproskaröskunum og geðrænum vanda hjá unglingum 13-18 ára

HH GEDHEILSUMIÐSTÖÐ BARNNA



Mynd 2.

Skipulag starfsemi GMB má sjá á mynd 2. Allar tilvísanir berast til inntökuteymis og ef innvalsskilmerki eru uppfyllt fyrir tiltekið teymi innan GMB fer tilvísun á biðlista þess teymis. Í Fjölskylduteymi og Ráðgjafa- og meðferðarteymi hefur í flestum tilvikum tekist að halda viðmiðum embættis landlæknis um biðtíma. Í greiningarteymum GMB er biðtími mun lengri og lengstur þegar óskað er eftir mati á einkennum einhverfurófs. Síðastliðin 2 ár hafa greiningarteymi GMB boðið upp á þjónustu fyrir börn sem hafa fengið fullnaðargreiningu vegna ADHD hjá fagaðila en vantar staðfestingu geðlæknis á greiningu og mat m.t.t. hvort hefja eigi lyfjameðferð. Sjá má fjölda þeirra sem eru á bið og í meðferð á mynd 3.



Mynd 3.

Ljóst er að sameiningarferli þriggja þjónustueininga í eina geðheilsumiðstöð barna sem veitir annars stigs geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu er stórt breytingarverkefni sem tekur tíma og hefur áhrif á afkastagetu miðstöðvarinnar. Samhliða sameiningarferli hefur GMB unnið að umbótum til þess að efla þjónustuna og gera hana skilvirkari. Í nóvember 2023 fluttu öll teymi GMB í eina starfstöð í Vegmúla 3 og sama ár var rafræn sjúkraskrá innleidd í alla starfsemi. Tekið var upp skýrt verklag m.t.t. teymisvinnu og Fjölskylduteymi GMB útvíkkaði þjónustu sína og sinnir nú 0-5 ára og fjölskyldum í stað 0-2 ára eins og áður var. Þá var skipulögð kennsla og þjálfun fyrir fagfólk GMB í einhverfurófgreiningarvinnu með það að markmiði að fjölga fagfólki með slíka sérhæfða færni á miðstöðinni. Samningur var gerður við DOMUS barnalækna um að taka að sér staðfestingu á ADHD greiningu og að meta þörf á hugsanlegri lyfjameðferð. Rétt er að geta þess að GMB hefur einnig fengið aukafjárveitingu til að fjölga starfsfólki.

Heilbrigðisráðuneytið áréttar að í samþykktri stefnu í geðheilbrigðismálum er ein af áherslunum eftirfarandi: (2C) Að samhæfing og samvinna einkenni samskipti heilbrigðis-, félags- og barnaþjónustu. Samhæfing og samvinna einkenni samskipti mismunandi þjónustustiga heilbrigðisþjónustu og á milli heilbrigðisstofnana. Aðgerð 2.C.1. *Að verkefnishópur skilgreini hlutverk og verkefni veitenda geðheilbrigðisþjónustu, greini samvinnu, samfellu og skort þar á og komi með aðgerðaáætlun til úrbóta í aðgerðaáætlun geðheilbrigðismála er ætlað að vinna með þetta viðfangsefni. Framkvæmd aðgerðar skiptist í tvo fasa og er A-hluta aðgerðar lokið með skýrslu um hlutverk veitenda í geðheilbrigðisþjónustu sem gefin var út í júní 2023. Viðfangsefni B-hluta aðgerðar er að skilgreina ferð notandans gegnum geðheilbrigðiskerfið, greina núverandi samvinnu/samfellu og skort þar á og setja fram tillögur til úrbóta með það markmið að einfalda heildarskipulag geðheilbrigðisþjónustu, tryggja greitt aðgengi og samfellu í þjónustunni og samþættingu við aðra velferðarþjónustu. Í forgangi að rýna þjónustuferil geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni og leggja fram tillögur að úrbótum. Áætlað að sú vinna fari af stað eigi síðar en í september 2024 og munu fulltrúar haghafa taka þátt í þeirri vinnu.*

Þjónusta sálfræðinga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum veita börnum meðferð vegna hegðunar- og tilfinningavanda ásamt því að veita foreldrum þeirra ráðgjöf. Læknir á heilsugæslustöð þarf að senda tilvísun til sálfræðings til nánara mats ásamt því að upplýsa um áætlaðan biðtíma. Fjöldi beiðna hefur dregist saman úr 1.044 beiðnum árið 2022 í 812 beiðnir á árinu 2023. Þrátt fyrir að meðalbiðtími hafi farið úr 265 dögum árið 2022 í 159 daga árið 2023 er ljóst að biðtími er ekki ásættanlegur og uppfyllir ekki þau almennu viðmið sem embætti landlæknis hefur sett um bið eftir heilbrigðisþjónustu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gripið til ýmissa umbótaáðgerða í þessu sambandi, m.a. fjölgað stöðugildum sálfræðinga, unnið að þróun og innleiðingu verklags fyrir tengiliði farsældar í heilsugæslu í samræmi við farsældarlögin og eftir handleiðslu og þjálfun barnasálfræðinga. Auk þess hefur fagfólk í heilsugæslu vísað áfram til barnasálfræðinga sem eru á rammasamningi Sí ef hægt er. Þá heldur Geðheilsumiðstöð barna ýmis fræðslu- og meðferðarnámskeið fyrir foreldra og börn, má þar nefna námskeið um tengslamyndun og uppeldishlutverki, einkenni ADHD eða kvíða og árátta- og þráhyggju og vinasmiðju fyrir 10-12 ára börn sem greinst hafa á einhverfurófi.

Heilsuskólinn

Heilsuskóli Barnaspítala Landspítala þjónar öllu landinu og aðstoðar börn og fjölskyldur þeirra sem eru 2,5 staðalfrávikum fyrir ofan meðalkúrfu í BMI eða börn sem hafa verið með mikla

þyngdaraukningu á stuttum tíma. Í Heilsuskólanum eru fjölskyldum kenndar aðferðir til að takast á við þyngdarstjórnun og viðhalda breytingum ásamt því að bæta lífsgæði til lengri tíma. Leitast er við að hvetja börnin áfram með styðjandi hætti ásamt því að veita ráðgjöf um mataræði og hreyfingu.

Á fyrstu árum Heilsuskólans var biðtíminn innan viðmiða embættis landlæknis en síðastliðin ár hefur biðtíminn hins vegar aukist verulega samhliða fjölgun tilvísana en þá fjölgun er hægt að rekja til vaxandi ofþyngdar meðal barna og flóknari sjúkdómstilfellum. Meðferðin hefur verið aðlöguð að aukinni eftirspurn og með breyttum aðferðum gat Heilsuskólinn tekið við 25% fleiri börnum en áður án þess að fjölga starfsfólki. Aðlögunin fólst m.a. í að bæta við hópmeðferðarúrræði, efla upplýsingagjöf á biðtíma og innleiðingu á lyfjameðferð. Þessar breytingar hafa þó ekki dugað til, en biðtíminn eftir þjónustu í dag er um 17 mánuðir sem samrýmist ekki biðtímaviðmiðum embættis landlæknis. Aukninguna má að mestu rekja áfram til vaxandi tíðni offitu hjá börnum.

Offita barna fer vaxandi í samfélaginu og er hlutfallið nú um 7,4% barna á Íslandi og hefur vaxið um tæplega 2,5% frá því að Heilsuskólinn var stofnaður. Stór hluti þeirra barna sem þarf á þjónustunni að halda eru með flókin og fjölþættan vanda á borð við lyndis- og geðraskanir, skert insúlínæmi, kæfisvefn og sögu um alvarleg áföll.

Heilsuskólinn fékk styrk úr Lýðheilsusjóði árið 2024 sem nýttist til þróunar námskeiðs fyrir heilbrigðisstarfsfólk í heilsugæslu svo hægt sé að veita þjónustu vegna offitu barna á lægra þjónustustigi og stemma stigu við að vandinn verði það umfangsmikill að þriðja stigs þjónustu þurfi við.

Í nýrri skýrslu á vegum starfshóps heilbrigðisráðherra um offitu og holdarfar eru lagðar til almennar og sértækar aðgerðir vegna offitu, sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Sk%3%bdrsla%20starfsh%3%b3ps%20um%20offitu%20holdafar%20heilsu%20og%20I%3%ad%3%b0an mars2024.pdf>

Mikilvægt er að efla þá þekkingu sem er til staðar innan heilsugæslunnar á offitu barna svo hægt sé að þjónusta börn með vægan og einfaldari offituvanda innan heilsugæslunnar með stuðningi frá Heilsuskólanum. Með slíkri þróun má ætla að þrýstingur á að fá sérhæfða sjúkráúspjónustu verði minni og þeir sem fá góða þjónustu í heimabyggð þurfi ekki að leita sérhæfðari þjónustu. Því fyrr sem gripið er inn í þróun offitu, því auðveldara er að snúa þeirri þróun við.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Heilbrigðisráðuneytinu bárust þær upplýsingar frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) að hluti þeirra barna, um 220, sem eru á biðlista eftir þjónustunni eru á sk innköllunarlista, þ.e. börn sem fá reglulega eftirlit með innköllun til sérfræðinga HTÍ. Því voru um 550 börn á biðlista eftir þjónustu í janúar sl. .

Þann 15. mars sl. voru 209 börn á biðlista eftir þjónustu og meðalbiðtími um 3 mánuðir. Þá hafði meðalbiðtími minnkað um 4 mánuði frá því í janúar. Með ráðningu nýs heyrnarfræðings og heyrnarfræðinema ásamt átaki í mælingum barna tókst HTÍ að stytta bið barna töluvert með auknum afköstum á einungis tveimur mánuðum.

Einnig eru vonir til að auka sérfræðipekkingu hérlendis í heyrnarfræðum og heyrnartækni með eftirfarandi aðgerðum um framboð slíks náms hér á landi, þ.e.

-Samningur HTÍ, Háskólans á Akureyri og Háskólans í Örebro í Svíþjóð um háskólanám í heyrnarfræðum.

-Samvinna Heilbrigðisskóla Fjölbrotarskólans við Ármúla og SydDansk Erhvervsskole í Óðinsvéum.

Þá hefur heilbrigðisráðherra stofnað starfshóp um stefnumótun í heyrnarþjónustu til framtíðar en markmið hópsins er m.a. að skila tillögum til ráðherra um skiptingu þjónustunnar á stig heilbrigðisþjónustu eftir alvarleika heyrnarskerðinga og tryggja aðgengi viðkvæmra hópa að nauðsynlegri heyrnarþjónustu.

Að lokum

Að þessu sögðu er það mat ráðuneytisins að það er mikilvægt að tryggja að bið barna eftir þjónustu verði viðunandi. Ljóst er að ástæður biðlista eftir framangreindri þjónustu er margvíslegar, þ.e. um er að ræða m.a. nýjar þjónustueiningar, gífurlega aukningu í aðsókn þjónustu eða skort á tiltekinni fagþekkingu á viðkomandi sviði.

Heilbrigðisráðuneytið hyggst fylgja því markvisst eftir við framangreindar þjónustur að fá upplýsingar um stöðu og framgang þeirra umbóta sem fyrirhugaðar eru.

F.h. ráðherra



Helga Sif Friðjónsdóttir

staðgengill skrifstofustjóra



Anna María Káradóttir

lögfræðingur